

Fundargerð

19. stjórnarfundur FHA haldinn 9. desember, 2010 kl. 14:00

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson, (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB) og Rúnar Gunnarsson (RG). Þórir Sigurðsson (ÞS) kom á fundinn og sat hann undir lið 4. Kristín Guðmundsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Frestað.

2. Val á styrktarfélagi

Ákveðið að peningur sem félagið hefur undafarin ár veitt í fordrykk jólaboðs háskólans færi í ár til styrktarfélags (60.000-70.000 kr). Tillaga HG samþykkt að Mæðrastyrksnefnd fengi jólapakka handa börnum. Bækur verða keyptar af bókaforlaginu Tindi. Félagsmönnum verður boðið að pakka inn á þriðjudaginn 14 desember, 2011 kl 10-12 í mötuneyti HA. Fólki velkomið að koma með gjafir líka. HG sendir póst á félagsmenn.

3. Fulltrúar starfsmanna í gæðaráði

Stjórn samþykkti að beiðni verði send til Sigrúnar Magnúsdóttur, gæðastjóra HA, að tveir starfsmenn (í stað eins) verði kosnir í gæðaráð. Einn akademískur og einn annar starfsmaður. Þetta verði gert til að tryggja að akademískir starfsmenn sitji í ráðinu. HG mun ganga frá tillögu að bréfi og senda á stjórn.

4. Um þátttöku fyrrum starfsmanna sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir í starfsemi félagsins.

Þórir Sigurðsson tók þátt í umræðum með stjórn um þennan lið. Eins og staðan er nú, eru starfsmenn sem láta af störfum við HA, t.d. vegna aldurs, teknir strax út af félagaskrá og fá ekki fundarboð. Umræða um þetta var á síðasta félagsfundi v. fyrirkomulag: Gera þá að heiðursfélögum, aukafélögum án félagsgjalds? Þessu fólki á eftir að fjölga næstu árin. Umræða um réttindi þeirra sem hafa látið af störfum fyrir aldurs sakir en eru enn að vinna við skólann, t.d. í stundakennslu: Senda fundarboð? Rétt til að sitja fundi? Réttindi í sjóði jafngildi % af launum hverju sinni? Þarf að kanna afstöðu BHM (T.d. v. starfsmenntunarsjóð) og kanna réttarstöðu þessa fólks þar (greiða t.d. ævigjald í orlofssjóð)

Ákveðið að klára umræðuna eftir áramót og leggja tillögu um lagabreytingar fyrir aðalfund í vor.

5. Komandi kjarasamningar

BHM félög mun ganga sitt í hvoru lagi til samninga. FHA og FH verða í samfloti v. áherslur í samningum. Kjaranefndir félaganna (háskólanna) munu stilla saman strengi í næstu viku (ekki prófessorar)

6. Önnur mál

Fjórar umsóknir í námssjóð samþykktar.

Fleira ekki gert og fundi slitið ca 15:30